



Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 11. nóvember 2013 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Herdís Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1311001 – Fjárhagsáætlun 2014-2017, málaflokkar undir nefndinni.

Nefndin fór yfir drög að áætlun, gerðar voru smávægilegar breytingar, drögum vísað til afgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.

2. 1311009 – Miðjanes 139646, umsókn um stofnun tveggja lóða.

Undirrituð umsókn og lóðaupprættir.

Nefndin samþykkir stofnun lóðanna. Samþykkt samhljóða.

3. 1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og sjávarböð.

- a. Samningur við ráðgjafa, Eyland, Vatnavini.
- b. Lýsing og matsáætlun.

Nefndin samþykkir samstarfssamning samhljóða, sveitarstjóra falið að ganga frá samningi.

Lýsing fer í meðferð skv. skipulagslögum, skipulagsfulltrúa falið að auglýsa lýsinguna. Samþykkt samhljóða.

4. 1209009 – Búfjársamþykkt fyrir Reykhólahrepp.

Tillögur að lagfæringu á texta í búfjársamþykkt frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti.

Nefndin samþykkir lagfæringar ráðuneytisins á texta. Samþykkt samhljóða.

5. 1302028 – Rekstur á Staðarhöfn.

Erindi frá Birni Samúelssyni dagsett 6. nóvember 2013 varðandi gang mála með hafnaraðstöðu á Reykjanesi (Staðarhöfn).

Nefndin telur að til framtíðar eigi eignarhald hafnarinnar að fara undir sveitarfélagið eða undir sjálfstætt félag einstaklinga. Höfnin stendur á óstofnaðri lóð, skoða þarf skráningar á eignarhaldi og virði eignanna hjá ríkinu og Eyjasiglingu áður en ákvörðun er tekin af hendi sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

6. 1311011 – Gæðastjórnunarkerfi byggingafulltrúa.

Erindi frá forstjóra Mannvirkjastofnunar dagsett 30. október 2013.

Kynnt.

7. 1311012 – Fyrirhuguð niðurfelling héraðsvega af vegaskrá, Skerðingsstaðavegur nr. 6069 – 01 H.

Erindi frá deildarstjóra tæknideildar vestursvæðis Vegagerðarinnar dagsett 11. október 2013.

Nefndin bendir á að á Skerðingsstöðum er föst búseta. Sveitarstjóra falið að koma upplýsingum til Vegagerðarinnar.

8. 1311013 – Fundargerð 360. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

9. 1304040 – 213388 Flateyjarland, iðnaðar- og athafnalóð, deiliskipulag.

Þrjár athugasemdir bárust við grenndarkynningu. Vegna hæðar geymsluskúrs, nefndin tekur undir þær athugasemdir og vill að hámarkshæð verði ekki yfir þrír metrar. Einnig kom ábending frá Vatnsveitu Flateyjar varðandi takmörk vatnsveitu, gerð verður frekari grein fyrir þeim takmörkunum við veitingu byggingaleyfis. Einnig kom ábending vegna lóðar undir vatnsveitu, unnið er að afmörkun lóðar fyrir Vatnsveituhús. Byggingareitir samþykktir samhljóða.

10. 1301023 – Strýta 135797, bygging geymslu- og kyndiklefa.

Engar athugasemdir bárust við grenndarkynningu, byggingareitur samþykktur samhljóða.

11. 1311015 – Reykhólakirkjugarður 216281 – hleðsla um kirkjugarð, framkvæmdaleyfi.

Teikningar frá Sókarnefnd Reykhólakirkju.

Nefndin felur skipulagsfulltrúa að ganga frá framkvæmdaleyfi þegar öll gögn hafa borist.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13.15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____